

Samkomulag

um fyrirtækjapátt kjarasamnings hjá Arnarlax hf.

Skv. 5. Kafli kjarasamnings SGS og SA

Milli starfsmanna Arnarlax hf. annars vegar og Arnarlax hf hins vegar um vinnustaðarsamning um vaktavinnu með afkastagreiðslum í vinnsluhluta fyrirtækisins.

1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til vaktavinnu starfa við slátrun, hreinsun, þökkun og frystingu sem er hluti af staðbundnum störfum tengdum aðalafurðinni og framleiðslu hennar eftir því sem við á og þörf krefur. Að öðru leiti skal vísað til ákvæða aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og 19. kafli um fiskeldi við Samtök atvinnulífsins sem Verkalýðsfélag Vestfirðinga er aðili að.

2. Vinnutími

2.1 Vaktavinna

Heimilt er fyrirtækinu setja á vaktir er taka til hluta eða allra starfsmanna í vinnsluhluta fyrirtækisins, lengd vaktavinnu og vakta fyrirvari fer eftir ákvæðum 19.3.2 Breytingar eða upptöku og slit vakta skal þannig tilkynnt með 10 daga fyrirvara. Vaktaálag á kvöldin á virkum dögum milli kl.16:00 – 24:00 er 35%. Milli kl. 00:00 og 08:00 virka daga og allan sólarhringinn um helgar er vaktaálagið 53%. Í tilkynningun fyrirtækisins um upptöku vakta skal koma fram hve lengi er fyrirhugað að vinna samkvæmt breyttu vaktafyrirkomulagi. Skal sú vinnutilhögun ekki standa skemur en tvær vikur.

Vinnutilhögun skal háttáð þannig að unnið er í vaktavinnu á 8 tíma tvískiptum vöktum allt að 6 daga vikunnar. Tveir vakthópar eru þá að störfum og skal skipta dag- og kvöldvöktum jafnt á milli vaktahópa. Fyrirkomulag vakta er þannig að fyrri vikuna getur vinna hafist kl.05:00 og staðið í 8 tíma. Seinni vikuna getur vinna staðið frá kl.13:00 í 8 tíma. Ekki skal unnið lengur en til kl.21:00 á kvöldvöktum samkvæmt vaktaplani.

2.2 Yfirvinna

Öll vinna sem fellur utan skipulagðrar vaktaskrár skv.gr.2.1 greiðist sem yfirvinna. Yfirvinna greiðist með 80% álagi á dagvinnutímakaup, þ.e. með 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Öll vinna á stórhátíðardögum greiðist með tímakaupi sem er 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Sjá nánar gr.2.2. og 2.3. í kjarasamningi aðila. Sé unnið í neysluhléi greiðist yfirvinna. Yfirvinna greiðist aukalega sé starfsmaður kallaður út á frívakt.



3. Breytingar

3.1 Vinnu og vaktaskrá

Vinnu og vaktaskrá skal birt á sama tíma og með sama fyrirvara og breytingar á dagvinnu og vöktum. Vinnu og vaktaskrá starfsfólks skal vera sett upp á aðgengilegum stað, þannig að starfsfólk geti á sem bestan hátt fylgst með skipulagi vinnutíma.

3.1.1 Undanþágur frá vaktavinnu

Hafi starfsmaður ekki tók á að vinna á vöktum af óviðráðanlegum örsökum skulu aðilar sameiginlega leita lausna til að starfskjör skerðist ekki.

3.2 Vinnuboðun án þess að virða 10 daga fyrirvara.

Hafi vinnuskrá/ vaktaskrá verið breytt án tilkynningar til starfsfólks og það mætt til vinnu telst slíkt lögmætt vinnuboðun. Fyrirtækinu ber þá að greiða starfsfólki sem svarar 4 tímum í yfirvinnu fyrir vinnuboðun til viðbótar föstum launum, enda ber fyrirtækinu að birta breytingar með minnst 10 daga fyrirvara.

4.0 Bónus

Greiddur verður fastur bónus kr. 300 kr. fyrir hverja unna klukkustund á vöktum og í yfirvinnu á vaktatímabili. Bónusgreiðsla er sérstakur launaliður sem myndar ekki stofn fyrir álags- og yfirvinnugreiðslur.


5. Gildistími

Samkomulag þetta gildir frá undirritun og er uppsegjanlegt af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Vilji annar hvor aðilinn gera breytingar á samkomulaginu, skulu aðilar leitast við að ná samkomulagi.


Um önnur atriði en umsamin eru í vinnustaðasamningi aðila gilda ákvæði aðalkjarasamnings SGS og SA og mun þessi samningur taka sömu breytingum og aðalkjarasamningur á samningstímanum.

Bíldudalur 15 ágúst 2019.

F.h. Arnarlax hf.



F.h Starfsfólks Arnarlax hf.



F.h. Verkalýðsfélags Vestfirðinga

